

189 fundur skipulagsnfndar 08.01.2020

Klettar (L166589); umsókn um byggingarleyfi; véla-verkfærageymsla mhl 05 - breyting á notkun - 1910041

Í framhaldi af grenndarkynningu dags. 18. nóvember 2019 með athugasemdafrest til 18. desember 2019. Fyrir liggur umsókn Ásgeirs S. Eiríkssonar dags. 15. október 2019 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að breyta notkun á hluta af véla/verkfærageymslu mhl 05, 1.610 m², í tvær 48 m² starfsmannaíbúðir og 26 m² þvottarhús á jörðinni Klettar (L166589) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd UTU telur rétt að vísa málinu til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til nánari umræðu.

Bókun sveitarstjórnar 22. Janúar 2020

Klettar (L166589); umsókn um byggingarleyfi; véla-verkfærageymsla mhl 05 - breyting á notkun - 1910041

Í framhaldi af grenndarkynningu dags. 18. nóvember 2019 með athugasemdafrest til 18. desember 2019. Fyrir liggur umsókn Ásgeirs S. Eiríkssonar dags. 15. október 2019 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að breyta notkun á hluta af véla/verkfærageymslu mhl 05, 1.610 m², í tvær 48 m² starfsmannaíbúðir og 26 m² þvottarhús á jörðinni Klettar (L166589) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd UTU telur rétt að vísa málinu til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til nánari umræðu.

Bréf oddvita til Ásgeirs 24.02.2020

Sæl Sigrún og Ásgeir.

Ég ætla að byrja á því að óska eftir því að þið semjið um þessi mál.

Við þurfum að sjá fyrir okkur niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Í þessu tilfalli eins og þið leggið dæmið upp er einungis óskað eftir leyfi fyrir tveimur herbergjum fyrir starfsfólk og þvottahúsi.

Þið ætlið ekki að gera meira. Þó er byrjað að undirbúa næstu skref með vinnu við efri hæðina og smíði herbergja þar.

Það reikna allir með sem koma að umfjöllun um þessar breytingar á hænsnahúsinu að það eigi að gera miklu meira.

Þó svo að þið ætlið ekki að gera það þá eru það augljós næstu skref.

Það held ég að sé útgangspunkturinn í þessu máli.

Þeir sem mótmæla þessu reikna með að allt hænsnahúsið verði gert að gistingu. Það er hægt að reikna mörg herbergi í það hús.

En í flestum tilfellum eru færri herbergi í breyttum húsum en upphaflega var gert ráð fyrir.
Látið þið því hugmyndina alla koma fram og hvernig þið sjáið fyrir ykkur umferð á hlöðunum. Gott væri að fá Didda allavegana með til að skipuleggja umferð með ykkur (hann þarf að skipuleggja traktórsumferðja) Hafið þið íhugað að deiliskipuleggja svæðið?
Ég er viss um að þið eruð best til að komast að samkomulagi.
Ákvörðun sveitarstjórnar á hvorn veginn sem hún fer, á meðan ekki er sátt heima fyrir mun ekki skila neinu.
Kveðja
Skafti